

Alþingi  
Erindi nr. P 135/2538  
komudagur 6.5.2008



KENNARHÁSKÓLI  
ÍSLANDS

Reykjavík, 5. maí 2008  
0804060 sk

Nefndarsvið Alþingis  
Unnur Kristín Sveinbjarnardóttir nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um opinbera háskóla**

Kennaraháskóla Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um opinbera háskóla, 546. mál.

Undanfarin tvö ár hefur verið unnið að sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands. Sameiningin var ákveðin með lögum frá Alþingi í mars 2007. Samkvæmt þeim lögum munu skólarnir sameinast eftir tæpa mánuði, 1. júlí næstkomandi.

Frá síðustu áramótum hafa fulltrúar Kennaraháskólans setið bæði háskólafundi Háskóla Íslands og fundi háskólaráðs Háskóla Íslands og þannig tekið þátt í stefnumótun fyrir hinn sameinaða háskóla og samþykktum er varða framkvæmd stefnunnar. Rektor Kennaraháskólans sat einnig í nefnd um framtíðarskipulag Háskóla Íslands. Samstarf skólanna um væntanlega sameiningu hefur verið með sérstökum ágætum og ætíð á jafnréttisgrundvelli.

Á fundi háskólaráðs Kennaraháskóla Íslands 29. maí sl. var fjallað um frumvarp til laga um opinbera háskóla og kynntar væntanlegar athugasemdir Háskóla Íslands við frumvarpið en þær athugasemdir byggjast á umræðum og nýlegum samþykktum sem gerðar hafa verið á háskólafundi Háskóla Íslands og í háskólaráðum beggja háskólanna.

Í ljósi sameiningarinnar sem framundan er og þátttöku fulltrúa Kennaraháskólans á háskólafundum og í háskólaráði Háskóla Íslands, styður Kennaraháskóli Íslands umsögn Háskóla Íslands um frumvarp þetta og sér ekki ástæðu til að gera aðrar athugasemdir en þar koma fram.

Stakkahlíð

105 Reykjavík

Sími: 563 3800

Símbréf: 563 3833

www.khi.is

Kennaraháskóli Íslands saknar þess hins vegar að ekki skuli í frumvarpinu vera gengið lengra í þá átt að tryggja sjálfstæði opinberra háskóla, einkum hvað varðar sérstöðu háskóla við ráðningar og fjárhagslegt sjálfstæði skólanna. Rektor Kennaraháskóla Íslands vakti sérstaklega athygli á þessum málum á fundi með nefnd þeirri sem undirbjó frumvarpið á vegum menntamálaráðuneytisins.

Virðingarfyllst,



Ólafur Proppé rektor